

Ed.

586. Frumvarp til laga

[30. mál]

um breyting á lögum nr. 57/1978, um heilbrigðisþjónustu, með síðari breytingum.

(Eftir 3. umr. í Nd., 9. mars.)

Samhljóða þskj. 447 með þessum breytingum.

2. gr. hljóðar svo:

3. gr. 5. tl. orðist svo:

- 3.5. Landlækni er skylt að sinna kvörtunum eða kærum, er varða samskipti almennings og heilbrigðisþjónustunnar. Heimilt er að vísa ágreiningsmálum til sérstakrar nefndar, sem í eiga sæti 3 menn, tilnefndir af Hæstarétti og ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Enginn nefndarmanna má vera starfsmaður heilbrigðisþjónustunnar, og einn skal vera embættisgengur lögfræðingur og jafnframt formaður. Sömu reglur gilda um varamenn. Ráðherra setur nefndinni starfsreglur að fengnum tillögum hennar. Kostnaður vegna starfa nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

8. gr. hljóðar svo:

17. gr. orðist svo:

- 17.1. Ráða skal hjúkrunarfræðinga, ljósmæður og sjúkráþjálfara til starfa við heilsugæslustöðvar, og skulu þeir skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn stjórnar viðkomandi heilsugæslustöðvar og taka laun úr ríkissjóði.
- 17.2. Heimilt er að ráða hjúkrunarforstjóra að þeim heilsugæslustöðvum, þar sem starfsemin er svo umfangsmikil að ráðherra telji þess þörf.
- 17.3. Ráðherra setur hjúkrunarforstjórum erindisbréf.

19. gr. hljóðar svo:

31. gr. 3., 4. og 5. tl. orðist svo:

- 31.3. Yfirlæknar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn nefndar, sbr. 31.1., sbr. þó 21. gr. Þó þarf ekki að leita þeirrar umsagnar ef reglur sjúkrahúss kveða svo á, að sérfræðingar sérdeilda kjósi yfirlækni deilda úr sínum hópi til takmarkaðs tíma.
- 31.4. Hjúkrunarforstjórar sjúkrahúsa ríkisins skulu skipaðir af ráðherra að fenginni umsögn hjúkrunarráðs skv. hjúkrunarlögum nr. 8/1974 og viðkomandi sjúkrahússtjórnar. Hjúkrunarforstjórar annarra sjúkrahúsa skulu ráðnir af viðkomandi sjúkrahússtjórn að fenginni umsögn hjúkrunarráðs. Hjúkrunardeildarstjórar skulu ráðnir að fenginni umsögn hjúkrunarforstjóra.
- 31.5. Skipa má hvern þann lækni og hjúkrunarforstjóra til starfa skv. þessari grein, sem hæfur hefur verið talinn.